

LÖG
um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988,
með síðari breytingum (varmadælu).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 10. mgr. 42. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskatt vegna kaupa á varmadælu til upphitunar íbúðar-
húsnæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 2019.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.